

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Guð
heyðrar
prælinn
Jósef



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: M. Maillot; Lazarus

Aðlagð af: M. Maillot; Sarah S.

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2024 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.

1

Pótífar, fyrrum yfirmaður Jósefs,
lét setja hann saklausan í fangelsi.
Jósef var hlýðinn og hjálpsamur í
fangelsinu. Yfirfangavörðurinn
fékk Jósef til að skipuleggja
rekstrarfyrirkomulag
fangelsisins. Með
Guðs hjálp tókst
Jósef að
betrumbæta
fangelsisdvölinu
fyrir alla.



2

Bakarameistari, og yfirþjónn konungs voru í fangelsi. "Því eruð þið svo daprir í bragði?" spurði Jósef þá einn daginn.



3

"Það getur enginn ráðið drauma okkar," svöruðu þeir áhyggjufullir. "Guð getur það!" sagði Jósef. "Segið mér frá draumum ykkar."



4

"Draumur þinn þýðir að innan þriggja daga munt þú aftur njóta velvildar faraós," sagði Jósef við yfirþjónninn. "Mundu eftir mér og biðdu faraó að leysa mig úr fangelsisvistinni." En bakarinn fékk slæmar fréttir.




"Að þremur dögum liðnum verður þú líflátinn," sagði Jósef. Báðir draumarnir rættust.

5

En yfirþjónninn gleymdi Jósef þar til dag einn er faraó vaknaði upp við vandan draum.

Vitringar faraós gátu ekki ráðið draum hans.



Þá myntist yfirþjónninn Jósefs úr fangelsinu og sagði faraó frá honum.

6

Faraó lét án tafar senda eftir Jósef. "Draumur þinn er skilaboð frá Guði," sagði Jósef við faraó. "Egyptaland mun njóta velmegunar í sjö ár, og síðan mun skella á hræðileg hungursneyð næstu sjö árin."



7

"Til að koma í veg fyrir alvarlega hungursneyð sem valdið gæti dauða," Jósef ráðlagði faraó, "verður að byggja upp matvælabyrgðir á góðu árunum sjö." "Guð er með þér," sagði faraó. "Nú munt þú stjórna Egyptalandi, næstur á eftir mér."



8

Nú komu velmegunarárin sjö. Svo varð hungursneyð í sjö ár. Matvæli voru vandfundin allstaðar nema í Egyptalandi vegna skynsamlegra ráðstafana þeirra að byggja upp miklar matvælabyrgðir. Á meðan, langt í burtu, svelti Jakob og fjölskylda hans.



9

Fólk kom hvaðanæva að til að kaupa korn í Egyptalandi. "Þið verðið að fara líka," sagði Jakob við syni sína, "annars deyjum við úr hungri." Er þeir komu til Egyptalands fóru þeir að kaupa matvæli.



10

Synir Jakobs lutu fyrir tignum manni. Þeir könnuðust ekki við Jósef bróður sinn. En Jósef þekkti þá. Jósef var hugsað til gömlu æskudaganna. Guð hafði reist hann upp yfir bræður sína.



11

Jósef var mjög skynsamur. Hann talaði gróflega við þá og tók bróður sinn Símeon sem gísl. "Takið með ykkur matvæli, farið heim, og komið svo til baka með yngsta bróður ykkar," skipaði hann þeim.



12

"Þá mun ég vita að þið eruð ekki njósnarar." Bræðurnir héldu að Guð væri kannski að hegna þeim fyrir að hafa selt Jósef sem þræl mörgum árum áður.



13

Jakob og synir hans voru ringlaðir. "Við fengum peningana til baka í korninu. Og yfirmaðurinn heimtaði að við kæmum með Benjamín." Jakob neitaði að láta Benjamín fara. Svo kom að því, þegar allur matur var uppurinn, að bræðurnir urðu að fara aftur til Egyptalands. Og Benjamín fór með þeim.




14

Þegar Jósef sá Benjamín skipaði hann þjónum sínum að undirbúa fína veislu. "Er faðir ykkar ennþá á lífi og við góða heilsu?" spurði Jósef. Kannski hann hafi verið að hugsa um að reyna að ná allri fjölskyldunni saman.



15

Jósef vildi líka fá að vita hvort bræður hans hefðu sektartilfinningu fyrir að hafa syndgað gegn honum forðum. Eftir veisluna sakaði hann þá um þjófnað. "Í hegningarskyni ætla



16

ég að taka Benjamín sem gísl." "Herra, taktu heldur líf mitt," bað Júda hann. Jósef vissi að Júda, sem hafði lagt til að selja Jósef forðum, hafði breyst mikið.

Jósef vísaði Egyptunum frá, því hann gat nú ekki lengur haldið tilfinningum sínum niðri og byrjaði að gráta. "Ég er Jósef bróðir ykkar, sem þið selduð til Egyptlands." Furðu lostnir

og hræddir, bræðurnir urðu orðlausir.



17

Jósef hughreysti bræður sína. "Guð gerði mig að háttsettum manni í Egyptalandi svo að ég gæti bjargað lífum ykkur í hungursneyðinni. Farið og sækið föður minn. Ég mun sjá um ykkur." Jakob og Jósef, og fjölskyldan öll, sameinuðust í Egyptalandi og bjuggu þar í friði og farsæld.



18

Guð heiðrar þrælinn Jósef


Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Fyrsta Mósebók 39-45

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

19



8



60

20

Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd.
Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að
hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í
hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til
lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér
tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til
eilífðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til
að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið
þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo
ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í
himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem
barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum deg!